

Reglur fyrir Kjaradeilusjóð Félags lífeindafræðinga

Síðast staðfestar á aðalfundi Félags lífeindafræðinga 28. mars 2025

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kjaradeilusjóður Félags lífeindafræðinga (FL). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsfólk FL sem ekki geta stundað vinnu vegna kjaradeilna sem félagið er aðili að. Heimilt er einnig að greiða úr sjóðnum kostnað vegna framkvæmda verkfalls, þó ekki venjulegan samningakostnað né þóknun fyrir verkfallsvörslu. Auk þess er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til sameiginlegs verkfallssjóðs sem FL hefur aðgang að eða verkfallssjóða annarra stéttarféлага sem eiga í vinnudeilum. Ef veita á styrk til annarra stéttarféлага skal sjóðsstjórn leita álits hjá stjórn FL.

3. gr.

Aðild að sjóðnum á það félagsfólk FL sem félagið semur fyrir. Skal það greiða gjald til sjóðsins sem ákveðið skal á aðalfundi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm stjórnarmeðlimum. Formaður og gjaldkeri félagsins eiga fast sæti í sjóðsstjórn en aðrir stjórnarmeðlimir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn úr hópi þess félagsfólks sem FL semur fyrir. Skal einn stjórnarmeðlimur kosinn það ár sem félagsformaður er kosinn, en tveir hitt árið. Hætti stjórnarmeðlimur á fyrria ári kjörtímabils skal annar kosinn í hans stað á næsta aðalfundi og þá til eins árs. Varaformaður og ritari félagsins eru varastjórnarmeðlimir í sjóðsstjórn.

5. gr.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að annast vörslu og ávöxtun sjóðsins. Hún úthlutar einnig styrkjum úr honum. Fjárhagur sjóðsins skal aðskilinn frá félagssjóði FL.

6. gr.

Kjörið skoðunarfólk reikninga FL skal jafnframt yfirfara reikninga sjóðsins fyrir aðalfund FL.

7. gr.

Fundargerðir sjóðsstjórnar skal skrá og geyma í því skjalakerfi sem er í notkun hjá félaginu. Auk þess skal stjórnin halda sérstakt gjörðaskjal, þar sem skrá skal allar styrkveitingar til féлага FL, í verkfallssjóði, til annarra stéttarféлага og enn fremur óreglubundin framlög til sjóðsins, ef einhver eru.

8. gr.

Rétt til styrks úr sjóðnum á sérhver aðili að honum, sem ekki getur stundað vinnu sína vegna kjaradeilu Félags lífeindafræðinga, enda sé hann skuldlaus við félagið þegar styrkveiting fer fram og hafi greitt framlag sitt til félagsins. Þegar vinnudeila er fyrirsjáanleg skal stjórn sjóðsins gera áætlun um greiðslur úr sjóðnum og útbúa almennar reglur um úthlutun styrkja til félagsmanna.

9. gr.

Verði sjóður þessi af einhverjum ástæðum að hætta störfum, skal ákvörðun um það og ráðstöfun eigna sjóðsins tekin á aðalfundi.

10. gr.

Stjórn kjaradeilusjóðs má breyta reglum sjóðsins en þær þarf að staðfesta á aðalfundi FL.